

# MAT Á FÝSILEIKA SAMEININGAR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI OG HÁSKÓLANS Á BIFRÖST



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

Skýrsla stýrihóps, desember 2023

---

## SAMANTEKT

Tilgangur þessarar fýsileikakönnunar er kanna hvort og hvernig samstarf eða sameining Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst geti fjölgað tækifærum til náms og rannsókna og aukið þau verðmæti sem háskólarnir skapa í samstarfi við samfélag og atvinnulíf um allt land. Markmiðið er því hvorki niðurskurður né fækkun námsbrauta heldur þvert á móti að blása til sóknar, og styrkja landsbyggðirnar, íslenskt fræðasamfélag og þjóðfélagið í heild sinni.

Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst standa báðir vel hvort heldur litið er til gæða náms, mannauðs eða fjárhags. Stýrihópur skipaður fólki frá báðum háskólum sér tækifæri í að sameina tvo góða háskóla til þess að búa til einn framúrskarandi háskóla á landsbyggðinni. Háskólar eru í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi, og nýr, sameinaður háskóli á grunni Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst, verður í sterkari stöðu til að sækja fram og ná árangri. Í grunninn deila háskólarnir sömu framtíðarsýn og metnaði til að vera háskóli fyrir landið allt og bjóða upp á fjölbreyttar og sveigjanlegar leiðir til náms. Með því að leggja saman krafta háskólanna skapast tækifæri, m.a. með nýjum rannsóknasjóði og með því að styrkja innviði háskólans til virkari þátttöku í alþjóðlegu rannsóknastarfi sem nýtist íslensku samfélagi. Sameining háskólanna skapar tækifæri til að efla sérstaklega þær þrjár deildir sem eru í báðum skólum, saman geta stöðdeildir skólanna orðið sterkari og samfélag akademísku starfsfólks og nemenda orðið ríkara. Háskólarnir tveir eru þegar leiðandi á Íslandi í fjarnámi og námi með sveigjanlegum námsaðferðum. Með sameiningu þeirra getur orðið til nýr háskóli sem er leiðandi á þessu sviði í alþjóðlegum samanburði.

Í þessari skýrslu er sagt frá greiningu stýrihópsins, sem byggir m.a. á samtölum við starfsfólk, nemendur og aðra sem bera hag háskólanna fyrir brjósti. Fjallað er um tækifærið sem felst í sameiningu háskólanna, mögulegan ávinning – og mögulegar áskoranir – af sameiningu, og hvað þarf til þess að skapa nýjan, sameinaðan háskóla fyrir landið allt sem skapar verðmæti fyrir samfélagið.

Stýrihópurinn dregur upp mynd af mögulegu skipulagi nýja háskólans, sem yrði opinber háskóli með höfuðstöðvar á Akureyri og starfsstöð í Borgarnesi og starfsstöð í Reykjavík og leggur fram hugmynd að tímasettri áætlun fyrir stofnun hans.



## VINNA STÝRIHÓPSINS

Greining á kostum og göllum aukins samstarfs eða sameiningar hófst í byrjun október á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar háskólanna (sjá viðauka 1). Stýrihópur skipaður þremur fulltrúum frá hvorum háskóla um sig hefur átt mjög gott samstarf við greiningar, samtöl við nemendur og starfsfólk og prófun sviðsmynda fyrir mögulega sameiningu háskólanna tveggja. Auk funda í deildum, funda með öllu starfsfólki og funda með nemendum var leitað eftir athugasemdum frá nemendum og starfsfólki sem hafði reynslu frá námi og / eða starfi í báðum háskólum.

Stýrihópurinn setti sér skýrt markmið: Að gera ítarlega greiningu og eiga opið samtal við starfsfólk, nemendur og hagaðila skólanna um kosti og galla aukins samstarfs og mögulegrar sameiningar þeirra. Leiðarljós vinnunnar var frá upphafi að kanna hvort hægt væri að gera meira og gera betur fyrir nemendur og samfélagið. Sérstaklega vildi stýrihópurinn kanna hvort og hvernig samstarf eða sameining geti aukið rannsóknir, styrkt gæði kennslu, eflt stoðþjónustu, skapað fleiri tækifæri til þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og hjálpað skólunum að þróa enn frekar fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti til að gefa fólki um allt land og víðar fleiri og betri tækifæri til menntunar.

## Stýrihópurinn

### Háskólinn á Akureyri

Elín Díanna Gunnarsdóttir, starfandi rektor Háskólans á Akureyri

Brynjar Karlsson, forseti heilbrigðis- viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri

Hólmar Erlu Svansson, framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu Háskólans á Akureyri

### Háskólinn á Bifröst

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst

Bjarni Már Magnússon, forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu við Háskólann á Bifröst

Aðalsteinn Leifsson, fyrrverandi ríkissáttasemjari, var hópnum til ráðgjafar og aðstoðar.

Stýrihópurinn safnaði gögnum og vann ítarlega greiningarvinnu m.a. á skipulagi kennslu og rannsókna í hvorum háskóla um sig, gæðaúttektum háskólanna, verkefnum stoðdeilda, samsetningu og þörfum nemenda, samsetningu og þróun mannauðs, framboði og þörf á húsnæði og annarri aðstöðu, stöðu og horfum í fjármálum, notkun á ólíkum kerfum í starfi skólanna o.s.frv. Sérstaklega var horft til skipulags og námsframboðs í þeim þremur deildum sem háskólarnir eiga sameiginlegar, sem eru viðskiptadeild, lagadeild og félagsvísindadeild m.t.t. samlegðaráhrifa og uppbyggingarmöguleika.

Samstarfið í stýrihópnum var mjög gott. Skoðanaskipti voru opin, hreinskiptin og á jafnræðisgrundvelli. Hópurinn lagði áherslu á nægan tíma til að safna gögnum og fara vel yfir málin sem og að eiga opið samtál. Í greiningarvinnunni naut hópurinn stuðnings frá öllum sviðum beggja háskóla og hann átti samtöl við starfsfólk í öllum deildum skólanna, í stoðdeildum og við nemendur, til að greina frá markmiðum vinnunnar og niðurstöðum greininga en einnig – og sérstaklega – til að heyra hugmyndir starfsfólks og nemenda um kosti og ókosti mögulegrar sameiningar og fá þeirra sjónarmið og ráðleggingar. Einnig átti hópurinn samtöl við þingmenn NV- og NA kjördæma og aðra mikilvæga samstarfsaðila.

Stýrihópurinn átti vikulega fundi og hittist þess utan á lengri vinnu- og greiningarfundum í nágrenni Akureyrar, í Borgarfirði og í Reykjavík.



## TÆKIFÆRIÐ: NÝR HÁSKÓLI LANDSINS ALLS

Við sameiningu Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst yrði til nýr háskóli með höfuðstöðvar á Akureyri, starfsstöð í Borgarnesi og starfsstöð í Reykjavík. Hinn nýi háskóli yrði svipaður að stærð m.t.t. nemendafjölda og Háskólinn í Reykjavík. Nýr háskóli mun geta byggt á virku samstarfi Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst við háskólasetur og miðstöðvar í öllum landsfjórðungum með það fyrir augum að styrkja þá starfsemi sem á sér stað þar. Engin áform eru um að fækka starfsfólki eða námsbrautum, heldur að blása til sóknar með auknum gæðum, aukinni þjónustu og auknum rannsóknum samfélaginu til heilla. Þannig verður til nýr háskóli sem eykur samkeppnishæfni íslenskra háskóla og samfélags svo um munar.

Sameining háskólanna myndi veita stóraukin tækifæri til rannsókna. Fyrir því eru helst fjórar ástæður:

- 1** Til verður rannsóknasjóður m.a. með sölu fasteigna að Bifröst. Nýta má sjóðinn til að veita styrki til doktorsnáms og annarra rannsókna í öllum deildum nýja skólans.
- 2** Aukið svigrúm verður fyrir akademískt starfsfólk til rannsókna, vegna samlegðaráhrifa sameingarar í kennslu og skipulagi skólastarfsins.
- 3** Hægt verður að auka stoðþjónustu við rannsóknir með sameiningu stoðdeilda og kerfa háskólanna tveggja.
- 4** Aukin tækifæri verða til umsókna í innlenda og alþjóðlega rannsóknasjóði og til þátttöku í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum sem gera kröfu um margskonar stoðþjónustu og skipulagsvinnu.

Sameiningin myndi veita aukin tækifæri til framþróunar í kennslu. Nýr háskóli myndi áfram veita framúrskarandi staðarnám á Akureyri og mögulegt verður að hafa kennslulotur á Akureyri til viðbótar við kennslulotur í Borgarnesi og um land allt. Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst eru þegar leiðandi á Íslandi í fjarnámi og í námi með sveigjanlegum námsaðferðum. Mikill vöxtur er í fjölda nemenda sem nýta sér nám með sveigjanlegum námsaðferðum, meðal annars vegna atvinnu- og fjölskylduaðstæðna og búsetu vítt og breytt um landið sem og um heim allan. Enn fremur sýna rannsóknir að vel skipulagt fjarnám og nám með sveigjanlegum námsaðferðum er síst af verri gæðum en staðarnám. Mikill metnaður er í báðum háskólunum til að nýta nýja tækni og nýjar aðferðir í kennslu. Með því að leggja saman krafta sína - bæði akademísks starfsfólks og stoðþjónustu við kennsluþróun, getur nýr háskóli verið leiðandi á þessu sviði á heimsvísu.

Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst hafa skilvirka en fámenna stoðþjónustu. Sameining skólanna gefur færi á að auka þjónustu og taka inn fleiri verkefni sem erfitt er að sinna í minni einingum. Enn fremur gæfi sameining færi á fjárfestingum í kerfum sem styðja við kennslu, rannsóknir og þjónustu við nemendur og starfsfólk.

Sameining háskólanna myndi einnig opna tækifæri á aukinni samvinnu við samfélagið, t.d. sveitarfélög og atvinnulíf vítt og breytt um landið. Nú þegar eru ýmis samstarfsverkefni og nýsköpun í skólunum sem unnt er að byggja á. Til þess að ná sem mestum árangri í samstarfi við samfélagið yrði starfrækt sjálfseignarstofnun sem hinn nýi háskóli ætti aðild að og veitti sveigjanleika til samstarfs og fjárfestingar í margskonar nýsköpun og samstarfsverkefnum við samfélagið.

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, sem hefur margþætta kosti fyrir rannsóknir, kennslu og þjónustu við samfélagið, krefst ekki aðeins tíma og aðstöðu hjá akademísku starfsfólki og stoðþjónustu heldur einnig sérhæfingar sem gerir háskólann eftirsóttan í samstarf. Auk þess að veita framúrskarandi nám á þeim fræðasviðum sem skólarnir tveir starfa á, hafa þeir á að skipa fólki með talsverða sérþekkingu á málefnum norðurslóða. Nýr háskóli hefði burði til að byggja á þeirri sérhæfingu og auka enn samstarf við aðra háskóla og stofnanir með áhuga og sérþekkingu á norðurslóðum. Möguleikar verða fyrir hendi til að laða að sér aukið erlent fjármagn auk þess sem námsmenn og vísindafólk verða mun fleiri í nýjum sameinuðum háskóla. Forsendur verða einnig betri til að verða leiðandi í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum og unnt verður að taka á móti fleira fræðafólki með fjölbreyttari bakgrunn en áður.

Með því að sameina krafta, styrkleika og sérfræðileikingu háskólanna tveggja yrði því til nýr og samkeppnishæfari háskóli jafnt innanlands sem á alþjóðavettvangi. Þannig mundi samruni háskólanna styrkja til muna háskólamenntun hér á landi og um leið samkeppnisstöðu Íslands í síbreytilegum heimi örrar tækniþróunar.

Kröftugur, sameinaður háskóli með höfuðstöðvar á Akureyri og og samstarf um allt land myndi styrkja landsbyggðirnar og fjölga tækifærum utan höfuðborgarsvæðisins. Hann gæti þannig skapað aukna vaxtarmöguleika fyrir fjölbreytta starfsemi og enn blómlegra mannlíf í landsbyggðunum - og þannig átt þátt í sterkari byggðum með fleira fólki um allt land.

## Tækifæri til aukinna rannsókna á norðurslóðum

Háskólinn á Akureyri hefur verið leiðandi héraendis í uppbyggingu rannsókna og kennslu í málefnum norðurslóða og á í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi á því sviði. Lagadeild háskólans heldur úti meistaranámi í heimskautarétti sem er einstakt á heimsvísu. Margvíslegt samstarf og stofnanir sem starfa að málefnum norðurskautsins eru þar að auki staðsettar á háskólasvæðinu á Akureyri, m.a. skrifstofur tveggja starfshópa Norðurskautsráðsins. Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst eiga báðir aðild að Háskóla norðurslóða (e. University of the Arctic). Háskólinn á Bifröst hefur í vaxandi mæli sinnt rannsóknum og kennslu í byggðapróun, sjálfbærni, hafrétti, stjórnmálafræði, málefnum geimsins og almannavarna- og öryggismálum. Allt eru þetta svið sem falla vel að norðurskautsáherslu Háskólans á Akureyri. Með sameiningu skapast tækifæri til að efla rannsóknir um Norðurskautið enn frekar og feta nýjar brautir í þeim efnum með því að tengja betur áherslusvið háskólanna tveggja.

## STAÐA HÁSKÓLANNA TVEGGJA

Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst standa vel hvort heldur sem litið er til gæða náms samkvæmt óháðum úttektum, fjármála, mannafla eða orðspors. Þessir tveir háskólar eru stærstu háskólarnir utan höfuðborgarsvæðisins. Þeir hafa m.a. markað sér sérstöðu með því að bjóða nám í fjarnámi og með sveigjanlegum námsaðferðum. Þær aðferðir gefa fólki um allt land tækifæri til háskólanáms sem annars væri ekki í boði. Nemendafjöldi hefur vaxið undanfarin ár (sjá töflu 1) sérstaklega í námi með sveigjanlegum námsaðferðum. Mannauður hefur eflst með fleira fastráðnu starfsfólki og fleira akademísku starfsfólki með doktorsgráðu (sjá töflu 2). Loks hefur verið unnið mikið starf til að styrkja fjárhag skólanna sem nú stendur sterkum fótum (sjá töflu 3).

TAFLA 1

### ÞRÓUN NEMENDAFJÖLDA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI OG HÁSKÓLANN Á BIFRÖST

#### HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Deild og námsstig	Fjöldi nemenda				FTE			
	2019	2020	2021	2022	2019	2020	2021	2022
<b>Viðskiptadeild</b>	<b>427</b>	<b>500</b>	<b>420</b>	<b>401</b>	<b>271</b>	<b>305</b>	<b>307</b>	<b>257</b>
Bakalárstig	421	492	408	388	267	300	297	248
Meistarastig	6	8	12	13	4	5	10	9
<b>Félagsvísindadeild</b>	<b>516</b>	<b>403</b>	<b>368</b>	<b>367</b>	<b>341</b>	<b>290</b>	<b>289</b>	<b>248</b>
Grunndiplóma	241	108	97	144	143	87	71	95
Bakalárstig	247	270	241	195	190	185	195	139
Viðbótardiplóma	10		2	2	0	0	2	0
Meistarastig	18	25	28	26	8	18	21	15
<b>Lagadeild</b>	<b>119</b>	<b>121</b>	<b>156</b>	<b>146</b>	<b>66</b>	<b>79</b>	<b>105</b>	<b>100</b>
Bakalárstig	71	83	107	103	43	52	72	73
Viðbótardiplóma	3		4		0	0	2	1
Meistarastig	45	38	45	43	23	28	31	26
<i>Heildarfjöldi nem við HA</i>	<b>2466</b>	<b>2540</b>	<b>2494</b>	<b>2546</b>	<b>1,660</b>	<b>1,765</b>	<b>1,870</b>	<b>1,733</b>

## HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Deild og námsstig	Fjöldi nemenda				FTE			
	2019	2020	2021	2022	2019	2020	2021	2022
<b>Félagsvísindadeild</b>	<b>152</b>	<b>194</b>	<b>205</b>	<b>214</b>	<b>100.1</b>	<b>141.4</b>	<b>151.2</b>	<b>143.5</b>
Framhaldsnám	35	43	55	58	17.4	21.9	31	27.7
Grunnnám	117	151	150	156	82.7	119.5	120.2	115.8
<b>Lagadeild</b>	<b>107</b>	<b>130</b>	<b>118</b>	<b>121</b>	<b>69.7</b>	<b>79</b>	<b>74.9</b>	<b>69</b>
Framhaldsnám	32	39	40	47	14.5	15.7	20.9	21.5
Grunnnám	75	91	78	74	55.2	63.3	54	47.5
<b>Viðskiptadeild</b>	<b>455</b>	<b>607</b>	<b>581</b>	<b>488</b>	<b>278.3</b>	<b>404.6</b>	<b>376.3</b>	<b>298.5</b>
Framhaldsnám	234	316	284	220	123.4	174.1	158.5	113.2
Grunnnám	221	291	297	268	154.9	230.5	217.8	185.3
<b>Háskólagátt</b>	<b>55</b>	<b>108</b>	<b>44</b>	<b>56</b>	<b>29.1</b>	<b>74</b>	<b>28.6</b>	<b>35.8</b>
Framhaldsskólastig	55	108	44	56	29.1	74	28.6	35.8
<b>Símenntun</b>	<b>3</b>	<b>65</b>	<b>53</b>	<b>74</b>	<b>0</b>	<b>5</b>	<b>4.8</b>	<b>8.9</b>
Framhaldsnám		8		11		1		1.2
Grunnnám		9		26		1.5		2.4
Undirbúningsnám	3	48	53	37	0	2.5	4.8	5.3
<b>Opið nám - skiptinám</b>	<b>137</b>	<b>86</b>	<b>75</b>	<b>39</b>	<b>46.6</b>	<b>22.1</b>	<b>19.5</b>	<b>14</b>
Framhaldsnám	4	25	8	2	1	4	0.9	0.2
Grunnnám	133	61	67	37	45.6	18.1	18.6	13.8
<b>Samtals</b>	<b>909</b>	<b>1190</b>	<b>1076</b>	<b>992</b>	<b>523.8</b>	<b>726.1</b>	<b>655.3</b>	<b>569.7</b>

Báðir háskólar hafa lagt mikla vinnu í stefnumótun og skýr samhljómur er í stefnu og framtíðarsýn þeirra. Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst hafa vilja og metnað til að auka rannsóknir, sem og styrkja kennslu og þjónustu við samfélag um allt land. Þeir hafa einnig mikinn metnað til frekari þróunar kennslu með sveigjanlegum námsaðferðum og fjarnámi. Þeir eru báðir staðráðnir í að auka gæði í kennslu og stoðþjónustu enn frekar. Auk þess sem þeir hafa metnað til að efla þátttöku og eiga frumkvæði í alþjóðlegu samstarfi sem nýtist í öflun og dreifingu þekkingar og styrkir samfélagið sem skólarnir starfa í. Umfram allt vilja háskólarnir tveir tryggja aðgengi að háskólanámi fyrir alla og með því efla samfélög um allt land. Athuganir skólanna sýna að rúmlega helmingur nemenda í fjarnámi eða námi með sveigjanlegum námsaðferðum býr utan höfuðborgarsvæðisins og hartnær allir halda áfram að starfa í heimahögum eftir að háskólanámi lýkur (sjá töflu 4). Háskólarnir hafa því mikil og jákvæð áhrif á landsbyggðirnar á Íslandi sem ekki hafa notið þeirrar fólksfjölgunar sem hefur átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu.





## PRÓUN STÖÐUGILDA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI OG HÁSKÓLANN Á BIFRÖST

Fastráðnir og stundakennarar - HB skólinn í heild			Fastráðnir og stundakennarar - HA skólinn í heild		
	2021	2022		2021	2022
Stöðugildi fastráðinna og aðjúnktar	43	56	Stöðugildi fastráðinna og aðjúnktar	111	114
Stöðugildi stundakennara	18	28	Stöðugildi stundakennara	28	30
Fjöldi fastráðinna og aðjúnkta	50	68	Fjöldi fastráðinna og aðjúnkta	118	127
Fjöldi stundakennara	33	52	Fjöldi stundakennara	581	797
Stjórnsýslan stöðugildi og heildarfjöldi HB			Stjórnsýslan stöðugildi og heildarfjöldi HA		
	2021	2022		2021	2022
Stöðugildi Stjórnsýsla fastráðnir	26	32	Stöðugildi Stjórnsýsla fastráðnir	94	100
Fjöldi Stjórnsýsla fastráðnir	32	35	Fjöldi Stjórnsýsla fastráðnir	102	112

Þrátt fyrir að Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst hafi náð miklum árangri undanfarin ár eiga báðir háskólar við áskoranir að etja sem eru dæmigerðar fyrir hlutfallslega litla háskóla. Þessar áskoranir ná jafnt til kennslu, rannsókna og stoðþjónustu. Litlar deildir og námsbrautir með fátt akademískt starfsfólk eru viðkvæmar fyrir áföllum, t.d. vegna fjarveru starfsfólksins. Hlutfallslega mikill tími fer í margskonar stjórnunar og stjórnsýsluverkefni hjá stjórnendum, akademísku starfsfólki og stoðþjónustu. Rannsóknafé er ábótavant í báðum háskólum og tækifæri akademísku starfsfólks til rannsókna því takmörkuð. Stoðþjónustur beggja háskóla eru skilvirkar en líða fyrir fáar hendur sem vinna mörg verk. Ráðrúm til að styðja við rannsóknir og þróun í skólastarfi er því takmarkað. Stærð skólanna, hvort heldur litið er til akademísku starfsfólks eða stoðþjónustu, skapar áskoranir við að taka þátt í stórum alþjóðlegum verkefnum og veldur því að svo til ómögulegt er að leiða stór alþjóðleg verkefni



	Háskólinn á Bifröst			Háskólinn á Akureyri		
	2020	2021	2022	2020	2021	2022
Rekstrartekjur	1.088.591.383	1.323.849.798	1.328.654.994	3.529.023.278	4.068.478.867	4.170.178.735
Rekstrargjöld	969.237.446	1.109.850.526	1.280.536.186	3.503.963.745	3.955.279.849	4.138.385.098
Rekstrarhagnaður fyrir skatt	119.353.937	213.999.272	48.118.808	25.059.533	113.199.018	31.793.637
Hagnaður eftir skatt	96.443.760	191.743.384	38.637.440	24.725.615	113.227.247	31.853.321
Fastafjármunir	410.825.166	459.640.954	487.593.152	154.642.978	150.782.985	155.282.029
Veltufjármunir	144.824.333	204.178.780	218.013.747	449.259.354	696.989.985	685.501.380
Eigið fé	53.555.240	138.188.144	176.825.584	108.743.587	221.970.834	253.824.155
Skuldir	464.380.406	321.452.810	310.767.567	495.158.745	625.802.136	586.960.254
Eigið fé og skuldir samtals	410.380.406	459.640.954	487.593.152	603.902.332	847.772.970	840.784.409
Handbært fé frá rekstri	66.771.776	211.551.528	156.383.909	177.602.651	94.960.989	55.069.465

Nýr, sameinaður háskóli væri öflugur rannsóknaháskóli, leiðandi í framsæknum kennsluháttum, háskóli landsins alls og virkari þátttakandi í alþjóðlegu rannsóknastarfi en háskólarnir tveir eru í dag. Það er því skýrt markmið háskólanna í þessari vinnu að rannsóknir, námsframboð og gæði kennslu muni aukast og aðgengi og tækifæri til náms muni batna

Nýi háskólinn yrði með um 3.500 nemendur og fjöldi starfsfólks yrði um 300 (sjá línurit 1). Sameiningin felur í sér mikla vaxtarmöguleika, með faglegri stefnumótun, öflugu gæðakerfi og leiðandi fjarnámstækni. Þá myndi það styrkja samkeppnisstöðu nýja háskólans enn frekar að báðir háskólarnir leggja til námsleiðir og rannsóknir sem er ekki til að dreifa hjá öðrum háskólum hér á landi. Sú sérstaða nýtist jafnframt og ekki síður til uppbyggingar á nýjum námsgreinum og námsbrautum. Sem leiðandi í stafrænu fjarnámi myndi hinn nýi háskól enn fremur auka til muna almennt aðgengi að háskólanámi á öllum stigum: háskólagátt, endurmenntun, örnámi, grunnnámi, meistaranámi og doktorsnámi án tillits til búsetu, aldurs eða atvinnuþátttöku. Að sama skapi mun hinn nýi háskóli auka jafnrétti til náms á Íslandi með því að bæta aðgengi fjölbreyttra hópa að háskólanámi og vera umbreytandi afl í íslensku þjóðlífi.

Stöðugildi akademískra starfsmann við Háskólann á Bifröst

	2021		2022		2023	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
<b>VD</b>						
Aðjúnkt			2	2.0	4	3.0
Lektor	4	3.4	7	6.4	7	5.8
Dósent	4	3.6	3	2.8	3	2.7
Prófessor	1	0.5	2	1.2	2	1.2
Alls	9	7.5	14	12.4	16	12.7
<b>FD</b>						
Aðjúnkt				3.4	5	2.9
Lektor	1	0.5	6		1	0.5
Dósent	4	4.0	4	4.5	4	4.0
Prófessor	2	2.0	2	2.0	3	3.9
Alls	7	6.5	12	9.8	13	11.3
<b>LD</b>						
Aðjúnkt	4	1.9		0.7	2	0.5
Lektor	2	2.0	3	2.8	4	2.1
Dósent	1	0.3	4	0.7	1	0.3
Prófessor			2		1	1.0
Alls	7	4.2	9	4.2	8	3.8

## Stöðugildi akademískra starfsmann við Háskólann á Akureyri (Sömu deildir)

	2020		2021		2022	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
<b>VD</b>						
Aðjúnt	2	1.7	3	2.5	4	3.5
Lektor	3	3.0	4	3.6	4	3.6
Dósent	4	3.5	3	2.3	3	2.3
Prófessor	3	2.5	4	3.5	4	3.8
Alls	12	10.7	14	11.9	15	13.2
<b>FD</b>						
Aðjúnt	2	1.5	3	2.0	3	1.8
Lektor	6	6.0	4	4.0	4	4.0
Dósent	2	2.0	5	4.5	5	4.5
Prófessor	6	5.5	7	6.5	6	4.6
Alls	16	15.0	19	17.0	18	14.9
<b>LD</b>						
Aðjúnt	2	2.0	2	2.0	2	2.0
Lektor	3	3.0	2	2.0	3	3.0
Dósent	0	0.0	1	1.0	1	1.0
Prófessor	1	1.0	2	1.3	2	1.3
Alls	6	6.0	7	6.3	8	7.3

Kveikjan að markvissri greiningu á mögulegri sameiningu háskólanna tveggja varð til í samtali stjórnenda háskólanna og við ráðuneyti háskóla um þær áskoranir sem felast í því að gera þessa stefnu og framtíðarsýn að veruleika. Með því að sameina krafta sína geta háskólarnir náð árangri sem þeir hafa síður burði til að ná hvor í sínu lagi. Samtalið um mögulega sameiningu stendur því um að auka möguleika til náms um allt land, lyfta grettistaki í rannsóknum, auka gæði með fjölmennari deildum og auka tíma akademísks starfsfólks til rannsókna og kennsluþróunar með samþættingu aðferða og menningar beggja skóla. Með því að styrkja stoðdeildir sem leggja saman krafta sína til þróunar kennslu og þjónustu má bæta upplifun og árangur nemenda og akademísks starfsfólks. Með betri nýtingu á húsakosti og sölu eigna verður til fjármagn sem beina má til þess vaxtar í rannsóknavirkni sem báðir háskólarnir þurfa á að halda.

## Festa og sveigjanleiki

Ein helsta áskorunin í þessari vinnu eru ólík rekstarform háskólanna tveggja. Kostir og gallar beggja rekstarforma eru margir en í stuttu máli og með mikilli einföldun má segja að sá stöðugleiki sem fylgir rekstri opinberrar stofnunar geti haft í för með sér ákveðna kjölfestu sem nýr háskóli nýtur góðs af. Á sama hátt getur einkarekinn háskóli mögulega haft meiri sveigjanleika varðandi skipulag, námsframboð, aðstöðu, framþróun og umgerð námsins.

Í nýjum sameinuðum háskóla er hugmyndin að sameina kosti þessara tveggja rekstarforma. Þannig veitir stýrihópurinn upp þeim möguleika að til verði sameinaður háskóli sem er opinber háskóli. Nýi opinberi háskólinn á síðan aðild að sjálfseignarstofnun. Opinberi háskólinn sinnir þeim verkefnum sem hann er best fær um að sinna; hann tryggir gæði, stöðugleika námsframboðs, umhverfi til rannsókna, samtali við samfélagið og festu í rekstri. Langflestir starfsmenn skólans eru starfsmenn opinbera skólans og aðeins í undantekningartilfellum og þegar sérstaklega stendur á, eru starfsmenn ráðnir til starfa hjá sjálfseignarstofnuninni.

# Áhrif háskólanna á landsbyggðirnar

Fjöldi nemenda sem búa áfram í heimabyggð eftir útskrift

## TAFLA 4

**Háskólinn á Bifröst:** Könnun sem er gerð 18 mánuði eftir útskrift við Háskólann á Bifröst sýnir að útskrifaðir nemendur kjósa að búa áfram utan höfuðborgarsvæðisins

Ártal	Búseta á meðan námi stendur	Búseta eftir útskrift
2023	63% H og 37% L	61% H og 39% L
2022	58% H og 42% L	54% H og 46% L
2021	59% H og 41% L	59% H og 41% L

H (Höfuðborgarsvæðið) og L (Landsbyggðirnar)

**Háskólinn á Akureyri:** Könnun opinberra háskóla á Íslandi meðal útskrifaðra 18 mánuðum eftir útskrift sýnir einnig að útskrifaðir nemendur búa áfram utan höfuðborgarsvæðisins.

Útskriftarár	Búseta við upphaf náms	Búseta eftir útskrift
2021	46% H 54% L	46% H 54% L
2019	46% H 54% L	46% H 54% L
2018	38% H 62% L	42% H 58% L

H (Höfuðborgarsvæðið) og L (Landsbyggðirnar)



## MARKMIÐ NÝS, SAMEINADS HÁSKÓLA

Í framhaldi af greiningarvinnu og samtölum við starfsfólk, nemendur og fleiri hagaðila mótaði stýrihópurinn ramma um markmið og leiðarljós nýs háskóla á grunni Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst.

Markmiðið er að skapa alþjóðlegan háskóla sem veitir fjölbreytt nám af hæsta gæðaflokki. Megin áhersla verður á nám á íslensku, til allra íbúa Íslands og íslenskumælandi fólks sem býr utan landsteinanna. Nám fer einnig fram á öðrum tungumálum bæði vegna starfsfólks af erlendum uppruna og þjónustu við nemendur sem ekki hafa Íslensku að móðurmáli. Hinn nýi háskóli verður með fjarnámi, sveigjanlegu námi auk staðnáms, m.a. til að mæta þörfum þeirra sem vilja stunda háskólanám í heimabyggð um allt land og þörfum þeirra sem stunda nám með vinnu. Hann verður því sannarlega háskóli allra landsmanna.

Nýi háskólinn stundar samstarf um rannsóknir og fræðslu um allan heim. Háskólinn hefur höfuðstöðvar á Akureyri en nemendur eru margir dreifðir um landið og geta stundað nám með sveigjanlegu námsformi sem hentar þeim aðstæðum sem þeir eru í. Starfsfólk kemur víða að og hefur möguleika á að rækja starf sitt innan mennta- og fræðasamfélags hins nýja háskóla þó að það sé ekki alltaf staðsett í nágrenni við höfuðstöðvarnar á Akureyri, starfsstöð í Reykjavík eða þá völdu staði um allt land þar sem háskólinn er í samvinnu við heimafólk.

Nýi háskólinn leggur áherslu á nám og rannsóknir sem hafa beina skírskotun til samfélags og atvinnulífs en sinnir einnig vel kjarna grunnrannsókna sem undirbyggir allt mennta- og fræðastarf í skólanum.

Markmiðið er að byggja upp enn öflugra nám en fyrir er í Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Bifröst í greinum tengdum lögfræði, viðskiptafræði og öðrum félagsvísindum vegna samlegðaráhrifa frá auknum mannauði. Það besta úr báðum skólum verður notað sem grunnur að frekari þróun í kennslu og kennslufræðilegur stuðningur við akademískt starfsfólk er aukinn með sterkari stjórnýslu. Innleiðingu á viðbótum við kennslukerfin sem styðja við fjölbreytta kennsluhætti og námsmat sem er í stöðugri þróun sem styður við kennslu og eykur gæði námsins. Aðrar greinar sem fyrir voru í Háskólanum á Akureyri njóta góðs af þessum nýja krafti í náms- og kennsluþróun. Sterkari og þéttari stoðþjónusta er auk þess góð fyrir alla starfsemi skólans. Við samruna háskólanna skapast þverfaglegt svigrúm til nýrra námslína eins og til dæmis stjórnunarnáms og hjúkrunar, mennta og menningarstjórnunar svo nokkuð sé nefnt.

Rannsóknir munu finna sér markvissari farveg með stækkandi fræðasamfélagi innan nýja háskólans en einnig með stórauðinni sókn í erlenda og innlenda sjóði sem og eflingu doktorsnáms. Innri vísindasjóður sem settur verður á laggirnar við sameiningu Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst verður að vera nægilega stór til að standa undir þessari útrás og til að styðja kröftuglega við uppbyggingu rannsókna við nýja háskólann.

Nýi háskólinn verður spennandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir starfsfólk og nemendur, með aukin tækifæri til sérhæfingar, starfsþróunar og árangurs.

## KOSTIR SAMEININGAR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI OG HÁSKÓLANS Á BIFRÖST

Það fylgja nokkuð augljósir kostir aukinni stærð háskóla. Þegar einingarnar stækka má reikna með aukinni heildarvirkni á öllum sviðum háskólans en ekki síður aukinni skilvirkni í öllu starfinu. Þar má nefna samlegð í húsnæði, kerfum, í almennum stoðdeildum, stjórnun og fleiru.

Þessi samlegðaráhrif koma fram með mismunandi hætti í mismunandi þáttum í starfinu sem einkennir háskólana.

**Rannsóknir** eru sífellt meira stundaðar af teyllum rannsækenda. Í smærri einingum eru meiri líkur á að rannsækendur einangrist og finni ekki samstarfsfólk sem þarf til að þróa sig og viðfangsefni sín áfram. Deildir í báðum háskólunum eru dæmigert með mjög fáa rannsóknavirka starfsmenn, mest um 8-10. Þetta er of lítið til að skapa hvetjandi umhverfi þar sem flestir geta fundið sér samverkamenn eða leiðbeinendur í sínu nánasta umhverfi. Hópur sem telur 15-20 í deildum sameinaðs háskóla er strax miklu öflugri, þó betra væri að hóparnir væru ennþá stærri. Innan þessara samfélaga geta vaxið lóðrétt teymi rannsækenda þar sem þeir sem eru reyndari hjálpa þeim sem styttra eru komnir við að taka rannsóknir sínar á næsta plan. Rannsóknanemar, meistaranemar, doktorsnemar og nýdóttarar þurfa samfélag af þessari stærðargráðu til að vaxa og þroskast. Með meiri áherslu á að sækja stærri styrki úr alþjóðlegum samkeppnissjóðum og meira umfangi rannsóknaverkefna sem af þeim leiðir, þarf að byggja upp þekkingu og stuðning við umsóknir og rekstur þeirra. Sameining Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst getur hjálpað til við að styrkja þessa þjónustu. Líklegast er þó að nýi skólinn þurfi að leggja ennþá meira í þessa þætti en þeir gera núna sitt í hvoru lagi til að vel sé staðið að þessum málum til framtíðar.

**Kennsluþróun.** Í vel heppnuðum sameiningum verður útkoman mun stærri en summa hlutanna sem fyrir voru. Báðir skólar eru framsækir í kennsluháttum með nemendamiðaða sýn og hafa þróað sig áfram síðustu ár á grunni áratuga reynslu af því að bjóða nám í lotum og í fjarnámi. Þetta hefur verið framkvæmt af mjög sterkum liðsheildum og einstaklingum innan beggja skóla. Þessar öfluglu einingar innan beggja skólanna eru í einstakri stöðu til að geta skapað nýja sameiginlega sýn á þessi viðfangsefni á stuttum tíma, ef af sameiningu verður. Útkoman verður ennþá betri kerfi og þjónusta við akademískt starfsfólk og nemendur og er til frekari styrkingar hugmyndafræðinnar um fjarnám og sveigjanlegt námsform.

**Skipulag kennslu.** Mismunur er talsverður á þeim lausnum sem skólarnir hafa fundið og þróað og tækifæri eru í því að nýta það besta frá báðum. Nefna má að misseraskipan Háskólans á Bifröst (4 x 7 vikur auk misserisverkefnis) sem tekur mikið mið af því hvað efnið í námskeiðum þarf mikla gerjun (kennt á 7 eða 14 vikum) og sem hentar oft á tíðum þeim sem stunda nám með vinnu betur en annað skipulag. Þar að auki er sumarönn við Háskólann á Bifröst. Hugmyndin um sveigjanlegt námsform frá Háskólanum á Akureyri sem gerir kleift að kenna fög sem krefjast mikils verknáms (t.d. iðjuþjálfun, hjúkrun og lögreglufræði) í fjarnámi að því leyti sem við á, er annað dæmi um það sem skólarnir gera sérstaklega vel. Almennt mun vera gnótt tækifæra til að gera enn betur með að sameina það besta frá báðum háskólunum og sníða að þörfum deilda og að mismunandi kennsluþörfum þannig að úr verði framúrskarandi kennsluform.

**Rekstur kennslueininga** er almennt betri þegar nemendur eru ekki of fáir. Fastur grunnkostnaður við að halda úti námsleiðum er hár en jaðarkostnaður vegna viðbótarnemenda vex hægt með fjölgun nemenda. Það er því almennt betra rekstrarlega séð að vera með fjölmenn námskeið og námsbrautir. Eftir að fjöldi nemenda hefur náð ákveðnu marki í einstökum námskeiðum fer að verða hætta á því að gæði námskeiðanna og afrakstur fyrir nemendur minnki. Þá þarf að grípa til aðgerða umfram að fjölga aðstoðarkennurum, svo sem að skipta nemendum upp í smærri hópa eða jafnvel að tvíkenna námskeiðin. Talsverður hluti námskeiða og námsbrauta hafa verið of fámenn til að vera hagkvæm bæði í Háskólanum á Akureyri og í Háskólanum á Bifröst. Í fámennustu deildunum, til dæmis í lagadeild Háskólans á Akureyri, hefur fléttikennsla (námskeið kennd annað hvert ár) verið reglan en með sameiningu verður raunhæft að kenna öll námskeiðá hverju ári sem eykur gæði og sveigjanleika til mikilla muna. Í sameinuðum háskóla mun hæfilegri nemendafjöldi í fleiri námskeiðum almennt leiða til betri nýtingar á fjármunum, kerfum, húsnæði og einkum verður betur farið með tíma og starfsorku akademísku starfsfólks sem eru leiðandi í rannsóknum og annarri þróun háskólanna.

**Þekkingargrunnur.** Í háskólum er mannaflí, þekking hans og færni mikilvægustu aðföngin. Með sameiningu þessara tveggja háskóla fjölga fastráðnu akademísku starfsfólki sem eykur fjölbreytileika í sérhæfingu og þekkingu og styrkir öfluga kennslu inni í deildunum. Færri munu þurfa að kenna fög sem ekki eru á þeirra sérsviði og hægt er að nýta stundakennara með skilvirkari hætti inn í afmörkuð efni sem styður enn frekar við kennslu og sérhæfingu hvernar námslínu. Sameining háskólanna gefur tækifæri til að bæta þekkingargrunninn og auka stöðugleika og samfelli starfsins til muna. Nýr háskóli mun standa sterkar að þessu leyti en Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst gerðu áður.

**Starfsemi stoðeilda.** Litlar stoðeildir í fámennum háskólum geta eðli málsins samkvæmt einungis sinnt allra mikilvægustu verkefnum. Starfsfólk þarf að hafa marga hatta til að tryggja rekstur og þjónustu skólans frá degi til dags. Stærri, sameinaður háskóli gefur tækifæri til að byggja upp sterkari stoðeildir sem geta veitt betri og öruggari þjónustu og rekið kerfi með hagkvæmari hætti.

**Aukin tækifæri.** Nýr háskóli yrði stærri vinnustaður með fleiri tækifærum til starfsþróunar og skemmtilegs og auðgandi samstarfs fyrir bæði starfsfólk og nemendur.



## ÓVISSA OG ÁHÆTTA VIÐ SAMEINGU HÁSKÓLANS Á AKUREYRI OG HÁSKÓLANS Á BIFRÖST

Sameiningu tveggja háskóla fylgir óhjákvæmilega óvissa og áhætta. Það tekur tíma og því fylgir fyrirhöfn að sameina og þróa námsbrautir, starfseiningar og kerfi. Sameiningin kallar á breytingar á starfsemi, vinnulagi og vinnuumhverfi. Nýr vinnustaður þarf að móta nýja og uppbyggilega menningu fyrir nemendur og starfsfólk. Mesta hættan er að missa starfsfólk og að færri nemendur sækji í skólann á því tímabili sem það tekur að byggja grunn undir nýjan háskóla. Í breytingastjórnun er vel þekkt að það kemur tímabil erfiðleika og óvissu áður en samlegð og árangur kemur í ljós. Fyrstu ár nýs háskóla verða því tímabil uppbyggingar og sáningar fyrir afrakstur sem kemur fyrst í ljós tveimur til þremur árum eftir formlega sameiningu. Þess vegna þarf þolinmæði og nýr háskóli - og starfsfólk hans - þarf stuðning á tímabilinu.

Það er því mikilvægt að tryggja nýjum háskóla a.m.k. sömu framlög og skólarnir tveir fengu fyrir sameiningu, jafnvel þó nemendum kunni að fækka tímabundið. Enn fremur að hafa nægan mannafla og geta keypt tímabundna aðstoð til að styðja starfsfólk sem óhjákvæmilega mun verja tíma og orku í að gera sameininguna árangursríka og byggja upp nýja háskólann. Sömuleiðis verður þörf fyrir fjárfestingar í kerfum og aðstöðu. Reynsla af sameiningu HR og Tækniskólans var að stjórnendur voru mjög uppteknir við ýmis brýn verkefni tengd sameiningunni fyrstu tvö árin eftir að hún átti sér formlega stað, en þá fyrst fór að sjá til lands.

Nýr háskóli verður ekki til í tómarúmi og getur aðeins vaxið og dafnað í góðu samstarfi við samfélagið, sérstaklega stofnanir og sveitarfélög um allt land. Nýsköpun í kennsluháttum kallar einnig á skilning og stuðning stjórnvalda þannig að unnt verði að nýta þau miklu tækifæri sem felast í blöndu af staðarnámi, námi án staðsetningar, fjarnámi og námi með sveigjanlegum námsaðferðum.


Þó að sameiningu háskólanna fylgi betri nýting húsnæðis, fyrst og fremst vegna sölu húsnæðis að Bifröst, þarf að huga að uppbyggingu húsnæðis á Akureyri og víðar til þess að markmið nýs, sameinaðs háskóla um vöxt og þjónustu náist.



## FRAMTÍÐARSÝN: MÖGULEGT SKIPULAG NÝS HÁSKÓLA

Nýr háskóli á grunni Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst þarf að varðveita það besta úr báðum háskólum og verða stærri en summa hlutanna. Það næst meðal annars með samlegðaráhrifum sem fást í kennslu, stjórnun og stoðdeildum, sem og með auknum rannsóknum sem fást með stofnun rannsóknasjóðs og með alþjóðlegu samstarfi sem verður mögulegt í krafti stærðar og styrks nýs háskóla.

Eitt af því sem stendur upp úr í samtölum við starfsfólk og nemendur í báðum háskólum er óskín um að hafa annars vegar festu og hins vegar sveigjanleika. Festu sem felst í starfsöryggi, vandaðri gæðastjórnun og því að allir nemendur og allt starfsfólk sitji við sama borð. Sveigjanleika sem felst í því að eiga möguleika á að setja á fót nýjar námsbrautir í meistaranámi, þróa örnám til að þjónusta samfélög og atvinnulíf um allt land. Sveigjanleikinn felur líka í sér margskonar samstarf við sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir í nýsköpun, rannsóknum og kennslu. Í þessu kristallast einnig óskín um að byggja sterkan háskóla á landsbyggðinni þar sem a.m.k. allt grunnám og starfsnám er án skólagjalda, þannig að fólk þurfi ekki að flytja á höfuðborgarsvæðið til að sækja háskólanám án skólagjalda.



Þær meginforsendur sem stýrihópurinn setur fyrir sameiningu háskólanna eru þrjúþættar:

**1** að allir starfsmenn sitji við sama borð og hafi sömu réttindi og skyldur í samræmi við lög og reglur þar um.

**2** að a.m.k. það grunnám og starfsnám sem er nú án skólagjalda í Háskólanum á Akureyri verði áfram án skólagjalda.

**3** og að rekstrarfyrirkomulag nýs háskóla gefi einnig sveigjanleika til að setja á fót tiltekna námsbrautir með skólagjöldum.

Stýrihópurinn metur vænlegast að settur verði á fót opinber háskóli á kennitölu Háskólans á Akureyri sem á aðild að sjálfseignarstofnun á kennitölu Háskólans á Bifröst á grundvelli 1. mgr. 26. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Öllu starfsfólki stendur til boða að vera opinberir starfsmenn. Hinn nýi opinberi háskóli mun bera ábyrgð á gæðum allra námsbrauta. Allt grunnám og mest meistaranám auk doktorsnáms verður undir nýja opinbera háskólanum. Sjálfseignarstofnunin mun hýsa það meistaranám í viðskiptafræði, lögfræði og félagsvísindum auk örnáms sem nýi háskólinn kann að ákveða að setja á fót með skólagjöldum. Útfæra má slíkt nám á grundvelli þjónustusamninga sem opinberi hluti háskólans gerir við sjálfseignarstofnunina. Samstarf Háskólaseturs Vestfjarða og Háskólans á Akureyri sem og samstarf endurmenntunar Háskóla Íslands (HÍ) við viðskiptafræðideild HÍ um MBA-nám veitir leiðsögn fyrir slíkar útfærslur. Stjórnendafræðsla og símenntun verður innan sjálfseignarstofnunarinnar og enn fremur verður mögulegt að hafa innan hennar margskonar samstarfsverkefni við sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki og stofnanir sem sinna ýmskonar nýsköpunar- og rannsóknastarfi.

## Samlegðaráhrif

Stýrihópurinn vann ítarlega greiningu á námsframboði háskólanna, mannauði, verkefnum stoðdeilda, kerfum og húsnæði. Umtalsverð samlegðaráhrif geta orðið á mörgum sviðum, sem gefur færi til vaxtar. Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst eiga þrjár deildir sameiginlegar; Félagsvísindadeild, lagadeild og viðskiptadeild. Fjöldi samskonar námskeiða er kenndur í báðum háskólum og því getur sameining háskólanna losað tíma akademískra starfsmanna, sem fá þá aukin tíma og tækifæri t.d. til kennsluþróunar og rannsókna.


Báðir háskólar hafa tiltölulega litlar og skilvirkar stoðdeildir og verkefni þeirra eru að stærstum hluta þau sömu. Starfsfólk beggja háskóla bendir á að mestur tími fari í brýn verkefni og það er ríkur vilji til að gera meira, veita meiri þjónustu og sinna fleiri verkefnum – sem tækifæri verður til þegar stoðdeildirnar leggja saman krafta sína.

Báðir háskólar hafa styrkt mannauð á undanförunum árum með fleira fastráðnu akademísku starfsfólki. Sameining skólanna veitir tækifæri til að halda áfram á þeirri braut þar sem þörf fyrir stundakennara minnkar. Auknar rannsóknir og stærri deildir veita fleiri og betri starfstækifæri fyrir akademískt starfsfólk sem og tækifæri til sérhæfingar.

Með sameiningu opnast tækifæri til að nýta aðstöðuna á Akureyri til að halda staðarlotur á löngum helgum þar. Á sama tíma verða áfram tækifæri til að halda staðarlotur í Borgarfirði, þar sem nýtt hefur verið aðstaða í Menntaskóla Borgarfjarðar, og jafnframt í öðrum landshlutum þar sem aðstaða er til staðar.


Aðstaða á Akureyri verður vel nýtt í nýja háskólanum en að auki verður aðstaða fyrir starfsfólk nýja háskólans í Borgarfirði og í starfsstöð í Reykjavík, þar sem hluti starfsfólks beggja háskóla býr á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn Háskólans á Bifröst hefur þegar ákveðið að selja fasteignir skólans á Bifröst, óháð mögulegri sameiningu.

Háskólarnir nota að nokkrum hluta ólík kerfi og nokkur vinna verður að samkeyra og tvinna þau saman. Augljós samlegðaráhrif verða af því að hafa fleiri notendur og meiri rekstur á bakvið kerfin og tækifæri vakna til kerfisþróunar og fjárfestinga.



# Rannsóknasjóður

Háskólinn á Akureyri hefur heimild til doktorsnáms en ekki Háskólinn á Bifröst. Hvorugur háskólanna hefur öflugan rannsóknasjóð, ólíkt Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Rannsakendur á Akureyri og Bifröst verða því að sækja nánast allt sitt rannsóknafé í samkeppnissjóði, sem eru mjög takmarkaðir á Íslandi. Rannsakendur í Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Bifröst hafa sótt í stærri erlenda sjóði en það er áskorun fyrir báða háskólana, vegna smæðar þeirra og lítilla rannsóknateyma, að byggja upp innviði til að leiða umsóknir um alþjóðlega styrki. Stofnun rannsóknasjóðs er lykilatriði fyrir auknar rannsóknir í nýjum háskóla. Stofnfé sjóðsins mun fást með sölu eigna á Bifröst, sem þá nýtast til sóknar í rannsóknum, auk þess sem sóst verður eftir mótframlagi frá ríki og mögulega fleiri aðilum. Rannsóknasjóðurinn getur t.a.m. farið þá leið að halda höfuðstól ósnertum og úthluta vöxtum til verkefna sem hlotið hafa jákvæða umsókn en ekki fjárframlaga frá samkeppnissjóðum. Með rannsóknasjóði, fleiri akademískum starfsmönnum sameinaðs háskóla og sterkari stoðdeildum skapast einnig ný tækifæri til umsókna í alþjóðlega rannsóknasjóði og aukinni þátttöku í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum.



Hópurinn vann sviðsmyndagreiningu á nemendafjölda hins sameinaða skóla. Eðlilegt er að horfa til mannfjöldapróunar og taka tillit til aldursdreifingar í grunnnámi og framhaldsnámi. „Lágspá“ gerir ráð fyrir að háskólarnir haldi því hlutfalli af samfélaginu í námi þeirra hafa hvor í sínu lagi við sameiningu. „Háspá“ tekur tillit til ýmissa þátta í sviðsmynd sameiningar, til dæmis aukið námsframboð, vaxandi sókn í meistaranám, styrkingu fjarnáms og náms með sveigjanlegum námsleiðum, styrkingu stoðdeilda og loks áhrif af minni skólagjöldum af því námi sem var áður í Háskólanum á Bifröst. „Líklegast“ gerir ráð fyrir minni áhrifum af slíkum styrkjandi þáttum sameiningar.



## HVAÐ ÞARF TIL AÐ SAMEININGIN VERÐI ÁRANGURSRÍK?

08

Til þess að sameining Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst geti orðið gæfurík fyrir landið allt þarf að tryggja að starfsfólk, nemendur og aðrir aðstandendur háskólanna tveggja hafi rödd og fáti tíma og aðstöðu til að skapa nýjan háskóla. Auk þess að móta námsbrautir í nýjum háskóla, byggja upp akademískar deildir, hanna sameinaðar stoðdeildir og samtvinna kerfi þarf að skapa heilbrigðan og góðan starfsanda og menningu sem ýtir undir árangur og velferð nemenda og starfsfólks. Allt þetta þarf til að nýr háskóli nái árangri og þjóni samfélögum um land allt.

Reynslan frá sameiningu háskóla erlendis og frá sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands er sú að það tiki a.m.k. tvö til þrjú ár að skapa nýjan háskóla, móta menningu og ná fram skilvirkni í allri starfsemi. Langmest af vinnunni verður í höndum núverandi starfsmanna skólanna sem þýðir að þau verkefni koma til viðbótar við þau störf sem starfsfólk hefur þegar með höndum. Þess vegna er mikilvægt að það komi til stuðningur, t.a.m. í verkefnastjórnun og vinnu verktaka við þau verkefni sem hægt er að fá stuðning við. Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst sóttu sameiginlega í Samstarfssjóð háskóla hjá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu fyrir verkefni sem tengjast mögulegri sameiningu háskólanna.

Líklegt er að nýr, sameinaður háskóli dragi til sín fleiri nemendur, en sá möguleiki er fyrir hendi að fyrstu tvö til þrjú árin eftir sameiningu kunni nemendum að fækka eitthvað, þar sem hluti mögulegra nemenda bíður átektar og vill sjá hvernig starf og skiplag skólans verður áður en þeir taka ákvörðun um skólavist. Fólk veit hvað það hefur en síður hvað verður, jafnvel þó allur metnaður sé til staðar til að skapa enn sterkari háskóla, auka gæði og fjölga tækifærum fyrir nemendur.





Þess vegna er mikilvægt að lægri skólagjöld og möguleg fækkun nemenda á tímabili umbreytinga verði ekki til þess að hafa neikvæð áhrif á fjármögnun nýja háskólans og að hann hafi a.m.k. sama fjármagn og háskólarnir tveir höfðu fyrir sameiningu.

Eitt af frumskilyrðum fyrir sameiningu háskólanna er að til verði rannsóknasjóður. Stýrihópurinn gerir ráð fyrir að grunnurinn að slíkum sjóði komi af sölu fasteigna að Bifröst sem nýtast ekki í háskóla sem sérhæfir sig í fjarnámi og sveigjanlegu námi. og að jafnframt verði aðkoma ríkisins tryggð ef ekki fæst fullnægjandi framlag af sölu húseigna. Mikilvægt er að nýr eigandi hafi starfsemi sem styður við atvinnuuppbyggingu á Vesturlandi og verði til sóma fyrir Borgarfjörð og Bifröst. Óhjákvæmilega er einhver óvissa um þann tíma sem það tekur að koma eignunum í verð, samninga við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem og um endanlegt kaupverð. Þess vegna er mikilvægt að eiga samstarf við hagsmunaaðila, ríki og sveitarfélag, til að sala eigna verði farsæl og það takist að tryggja fjármögnun rannsóknasjóðs.

Sameining háskólanna tveggja felur líklega í sér breytt ráðningarsamband hluta starfsmanna, þar sem nýi háskólinn verður opinber háskóli þannig að allt starfsfólk nýja háskólans sitji við sama borð. Breytt ráðningarsamband þarf að gerast í sátt, í samræmi við landslög og með sem skýrustum og einföldustum hætti.

Skýra þarf samspil sjálfseignarstofnunarinnar og hins opinbera hluta háskólans. Útfæra þarf þjónustusamning sem skýrir samspilið. Í þeirri vinnu þarf að hafa hliðsjón af viðeigandi ákvæðum laga um opinbera háskóla og sjálfseignarstofnanir. Sérstaklega þarf að huga að rammanum um það nám sem verður í boði á vettvangi sjálfseignarstofnunarinnar m.t.t. gæðavottunar, skólagjalda, fjármála o.fl..

# TÍMAÁÆTLUN FYRIR MÖGULEGA SAMEININGU OG STOFNUN NÝS HÁSKÓLA

09

Mikilvægt er að vanda vel til verka við að skapa nýjan háskóla og að allt starfsfólk og nemendur hafi tækifæri til að taka þátt í þeirri vinnu, auk þess sem gott samtal þarf að hafa við samfélagið og samstarfsaðila.

Stýrihópurinn gerir ráð fyrir ítarlegum umræðum í báðum háskólum og í samfélaginu sem þeir starfa í, á grundvelli þessarar fýsileikakönnunar. Í framhaldi af þeirri umræðu taki háskólaráð Háskólans á Akureyri og stjórn Háskólans á Bifröst afstöðu til þess hvort skynsamlegt er að halda viðræðum áfram, með það fyrir augum að gera samkomulag um sameiningu háskólanna og stofnun nýs háskóla á grunni þeirra. Gera má ráð fyrir að háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið komi að þeim viðræðum, þar sem skýra þarf atriði sem snúa að skipulagi, fjármögnun, sölu eigna og mannauði nýs háskóla.

Ef hagstæð niðurstaða verður af viðræðunum verða allar forsendur til staðar þannig að háskólaráð Háskólans á Akureyri og fulltrúaráð Háskólans á Bifröst geti tekið afstöðu til sameiningar - stofnunar nýs háskóla á grunni Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst. Stýrihópurinn telur farsælast að tillaga um sameininguna komi fram fyrir lok febrúar 2024, þannig að það liggja fyrir hvert framtíðarskipulag Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst verður áður en nemendur sækja um skólavist á haustönn 2024 en gert er ráð fyrir að opnað verði fyrir umsóknir 1. mars 2024.

Um leið og niðurstaða um stofnun nýs háskóla liggur fyrir hefst vinna við að móta námsbrautir á grunni þeirra námsbrauta sem þegar eru til staðar í Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Bifröst. Þetta á sérstaklega við um þær þrjár deildir sem eru reknar í báðum háskólum, þ.e. félagsvísindadeild, lagadeild og viðskiptadeild. Báðir háskólar hafa gott ytra og innra gæðamat og mótun nýrra og sameinaðra námsbrauta er ferli sem tekur tíma. Því má gera ráð fyrir að hægt verði að hefja nám á nýjum námsbrautum sem eru vottaðar samkvæmt ströngustu stöðlum haustið 2025.

Auk vinnu við mótunar nýrra námsbrauta hefst þegar í stað stefnumótun fyrir nýjan háskóla með þátttöku starfsfólks og nemenda.





Einnig hefst vinna við að ganga frá endanlegu rekstrarformi nýs háskóla, skapa þarf umgjörð fyrir nýjan rannsóknasjóð og færa þá starfsmenn Háskólans á Bifröst yfir í nýjan opinberan háskóla á grundvelli lagarammans sem snertir það málefni. Samþætta þarf starfsemi allra stoðdeilda og – ekki síst – að skapa virkt samtal við starfsfólk og nemendur um mótun menningar og gilda fyrir nýjan háskóla, háskóla landsins alls. Gert er ráð fyrir hugmyndasamkeppni um nafn nýs háskóla. Að því gefnu að þessi vinna gangi farsælega fyrir sig má gera ráð fyrir að formleg stofnun nýs háskóla verði um áramótin 2024/2025.

Ef niðurstaðan verður að stofna nýjan opinberan háskóla sem á aðild að sjálfseignarstofnun, eins og stýrihópurinn telur farsælast, þá liggur fyrir að a.m.k. allt grunnám verði án skólagjalda þegar sá háskóli tekur til starfa og hefur kennslu í sameinuðum námsbrautum haustið 2025. Í því ljósi liggur beint við að fella þegar í stað niður skólagjöld í Háskólanum á Bifröst, þ.e. fyrir haustönn 2024, í þeim námsbrautum sem fyrirsjáanlegt er að verði í framtíðinni án skólagjalda. Það er spurning um sanngirni, jafnræði og skynsemi, þar sem aðsókn í þær námsbrautir yrði líklega að öðrum kosti dræm árið áður en af sameiningu yrði. Veturinn 2024-2025 verður tímabil mótunar og samþættingar þar sem tekin eru skref í átt til sameiningar. Það felur hugsanlega í sér samkeyrslu á ákveðnum námskeiðum, tækifæri til samstarfs og samtals akademískra starfsmanna og stoðdeilda og margskonar frumkvæðis til að auðvelda nemendum beggja háskóla að vinna saman og undirbúa mótun menningar fyrir nýjan háskóla.

Verkefnið er stórt og krefjandi enda lagt upp með þá metnaðarfullu framtíðarsýn að skapa háskóla landsins alls sem veitir aukin tækifæri til menntunar, rannsókna og margskonar samstarfs við landsbyggðirnar og atvinnulíf til að skapa betra og auðugra samfélag um allt land. Slíkur háskóli er vel í stakk búinn til að sinna þeirri frumskyldu alls fræðastarfs að leita sannleikans með gagnrýna hugsun að leiðarljósi og standa vörð um akademískt frelsi.

## VILJAYFIRLÝSING

### um aukið samstarf og mögulega sameiningu Háskólans á Bifröst og Háskólans á Akureyri

Af hálfu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins hefur átt sér stað greining á stöðu háskólanáms hér á landi m.t.t. samkeppnishæfni íslenskra háskóla, fjármögnunar háskólastigsins, gæða námsins í alþjóðlegum samanburði og samspils háskólamenntunar, rannsókna, atvinnulífs og nýsköpunar. Eitt af sérkennum náms á háskólastigi, hér á landi, eru litlir háskólar með sérhæft háskólanám sem stofnað hefur verið til af metnaði til að svara þörfum um æðri menntun á ýmsum sviðum. Viðkomandi háskólar hafa jafnframt haft mikilvægu hlutverki að gegna við að efla atvinnulíf og samfélög um allt land. Til að efla íslenskt háskólasamfélag, auka gæði þess og gera það samkeppnishæfara er mikilvægt að efla háskólana í landinu til þróunar og vaxtar sem og að svara aukinni eftirspurn eftir þverfaglegu námi og auknum fjölbreytileika í rannsóknum og námsframboði.

Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst eiga margt sameiginlegt og virðist sem samruni þeirra geti aukið gæði náms á háskólastigi í landinu. Skólarnir tveir eru með nemendur af öllu landinu og þjóna til að mynda þeim sem þurfa sveigjanleika í námi. Samlegðaráhrif félagsvísinda-, laga- og viðskiptadeildar gefa við fyrstu sýn tilefni til að skoða betur hvernig hægt væri að efla enn frekar kennslu og rannsóknir í sameinuðum háskóla og tryggja sameiginlega forystu í fjarnámi hérlandis. Til að skoða betur þessa hugmynd efndi ráðuneytið nýlega til vinnustofu með fulltrúum háskólanna tveggja. Farið var yfir tækifæri og hindranir sem felast í enn frekara samstarfi eða sameiningu skólanna tveggja. Niðurstaða samtalsins var að mörg tækifæri liggja í auknu samstarfi eða sameiningu þessara háskóla. Hins vegar séu ákveðnar hindranir sem horfa þurfi til og leysa þannig að hugsanleg sameining verði farsæl fyrir þá starfsemi sem er á vegum beggja háskóla í dag.

Með viljayfirlýsingu þessari samþykkja rektorar Háskólans á Bifröst og Háskólans á Akureyri að hefja formlegar viðræður um aukið samstarf og hugsanlega sameiningu þeirra. Viðræðurnar munu felast í fýsileikagreiningu á því hvaða samruna- eða samstarfsform henti best til að tryggja áframhaldandi starfsemi háskólanna beggja með aukin gæði þeirra að markmiði.

Til að skoða samstarfs- og sameiningarmál betur tilefna háskólarnir hvor um sig þrjá fulltrúa til viðræðna um áframhaldandi greiningu. Sú vinna mun meðal annars fela í sér samtal við fulltrúa stúdenta beggja skóla. Gert er ráð fyrir að endanleg áform um mögulegan sameinaðan háskóla, ásamt niðurstöðu fýsileikagreiningar á æskilegu samruna- eða samstarfsformi, liggja fyrir eigi síðar en 15. desember næstkomandi. Samþykki háskólaráð Háskólans á Akureyri og stjórn og fulltrúaráð Háskólans á Bifröst áformin verður í kjölfarið gerð áætlun um næstu skref sem byggir á niðurstöðum fyrrgreindrar fýsileikagreiningar.





